



1. Skóli sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi

Sjáländsskóli tók til starfa haustið 2005. Frá upphafi voru starfinu sett afar metnaðarfull markmið. Áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta, sveigjanlega og lýðræðislega kennsluhætti, sköpun og tjáningu.

Skólabyggingin sjálf er einstakt umhverfi utan um þetta metnaðarfulla starf. Kennslurýmið er opin og áhersla lögð á að nemendur taki þátt í að skipuleggja námið. Þeir gera sér námsáætlanir í samstarfi við kennara sína og bera meiri ábyrgð á starfi sínu en víða gerist.

Kennarar Sjáländsskóla hafa verið leiðandi í umbótastarfi og hafa framsæknar hugmyndir þeirra vakið athygli út fyrir skólann. Sem dæmi má nefna að á unglíngastigi er námið að stórum hluta skipulagt í heildstæðum viðfangsefnum þar sem nemendur vinna einir eða í hópum að sjálfstæðum verkefnum þar sem þeir þurfa að víða að sér fjölbættri þekkingu. Viðfangsefnin eru tengd náttúru, sögu og umhverfi og tengjast gjarnan áhugamálum unglínganna, íslensku samfélagsi, atvinnuháttum, mannlífi og stjórnmálum.

Fáir skólar bjóða jafn fjölbreytt og áhugavert val á unglíngastigi. Þar geta nemendur valið milli 50 ólíkra viðfangsefna; útiöldun, ítölsk matargerð, skartgripagerð, kajakróður, franska, sagnfræði og fatahönnun eru dæmi um þetta fjölbreytta val sem stenst fyllilega samjöfnuð við það sem gerist í fjölmennustu skólunum.

Margt fleira mætti nefna, svo sem áherslu á tónlist, söng og samkomur, öflugt foreldrasamstarf, heilsustefnu, forvarnarstarf, fjölbreytt námsmat og þróunar- og umbótaverkefni af ýmsu tagi.

Skólinn státar af einkar góðri aðstöðu hvort sem litið er til umhverfisins inni í byggingunni sjálfri eða til skólalóðarinnar umhverfis hana. Starfsfólkið nýtir umhverfi skólans með markvissum hætti til leikja og útikennslu og er þar í fararbroddi. Sjáländsskóli stendur við sjó, hann er bókstaflega í sjávarmálinu, og þessi nálægð við strönd og haf er nýtt með margvíslegum hætti í skólastarfinu. Þá eru fjölbreyttar vettvangsferðir fastur liður í starfi skólans. Þessi nánú tengsl við umhverfið eru raunar eitt af aðalsmerkjum skólans.